



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgaráði um fjölda barna sem hefur ekki fengið staðfestan dag fyrir aðlögunarferlið og fjölda á biðlista

Á fundi borgarráðs þann 17. ágúst 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram fyrirspurn um hvað margir foreldrar barna sem byrja eiga í leikskóla í ágúst og september hafa ekki fengið staðfestan dag sem barn þeirra hefur aðlögunarferlið. Einnig hvað margir foreldrar hafa ekki enn fengið staðfestingu um leikskólapláss. Hinn árlegi vandi er nú í algleymingi sem er óvissa og angist foreldra barna sem hefja eiga leikskólagöngu í haust. Fjöldi foreldra hefur ekki hugmynd um hvenær barn þeirra getur hafið aðlögun, hvað þá byrjað sinn fyrsta dag í leikskóla. Vandinn er ekki minni hjá foreldrum sem eru að sækja um hjá einkareknum ungbarnaleikskólum sem ekki geta svarað hvenær eldri börn flytjast yfir í almenna leikskóla borgarinnar. Reykjavíkurborg er flöskuháls. Fulltrúi Flokks fólksins hefur heyrt í foreldrum sem lifa í angist og óvissu um hvort þeir geti hafið vinnu eftir sumarfrí. Þeir fá engin svör hvort heldur frá leikskólum eða borgaryfirvöldum/skóla- og frístundasviði. Í reglum segir að foreldrar eigi að fá þessar upplýsingar eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskólavöl hefst, miðað við 1. eða 15. hvers mánaðar. Vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Svar:

Þann 1. september 2023 voru 658 börn 12 mánaða og eldri á biðlistum um leikskólapláss í borgarrekna leikskóla. Þar af voru 98 börn 18 mánaða og eldri. Mörg þessara elstu barna hafa nýverið bæst á biðlistann. Aðlögun í bæði borgarrekna og sjálfstætt starfandi leikskóla er í fullum gangi. Elstu börnin byrja fyrst og svo eru börn tekin inn eftir aldri eftir því sem aðlögun eldri barnanna lýkur og eftir því sem nýráðið starfsfólk hefur störf. Börn sem eru að fara að hefja vistun í sjálfstætt starfandi leikskólum en eru á biðlistum eftir borgarreknum leikskólum detta ekki útaf biðlistum borgarreknu leikskólanna fyrr en þau hefja vistun í sjálfstætt starfandi leikskólunum. Því er nokkuð víst að einhver þessara 658 barna er með vilyrði fyrir leikskólaplássi í sjálfstætt starfandi leikskóla þótt þau hafi ekki hafið vistun ennþá. Hver sá fjöldi er vitum við ekki að svo stöddu.

Börn fædd 2017 hófu sína grunnskólagöngu þann 22. ágúst. Þessa fyrstu daga hafa leikskólastjórar verið að taka á móti börnum í aðlögun samhliða því að ráða starfsfólk fyrir skólaárið. Hlutirnir breytast því á hverjum degi þessa fyrstu daga skólaársins. Þann 1. september voru 412 börn með boðna vistun komin með upphafdagsetningar. Þá eru önnur 488 önnur börn með boðna vistun en ekki komin með dagsetningar í framtíð. Þar af eru 100 börn sem eru í öðrum borgarreknum leikskóla en fengu samþykkt boð um flutning og 108 sem eru



Reykjavíkurborg

með vistun í sjálfstætt starfandi leikskólum sem sem fengu umsóknum flutning samþykktan. Því eru í raun 280 börn sem bíða eftir upphafdagsetningu sem ekki eru með leikskólapláss nú þegar. Keðjuverkunin er í fullum gangi en betri mynd kemst á stöðu mála um mánaðarmótin september október þegar flest börn ættu að vera komin í vistun eða með dagsetningu um hvenær aðlögun hefst. Það fer þó allt eftir því hvernig gengur að ráða inn starfsfólk.